

Vinnutími þroskaþjálfar í grunnskólum

Þroskaþjálfar í grunnskólum hafa vinnuskyldu allt árið. Sérákvæði í kjarasamningi þroskaþjálfar heimilar svo flutning á vinnuskilum á milli árstíma þ.e að unnið sé meira þann tíma sem skólinn starfar á móti minni vinnuskyldu á öðrum tímum, t.d. á nemendalausum dögum og á sumrin. Yfirmaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem hjá honum starfa og ber ábyrgð á að skipuleggja vinnutíma starfsmanna í upphafi skólaárs í samráði við starfsmenn.

Skilgreint vinnufyrirkomulag er samræmt því sem gildir um störf kennara í grunnskólum, þá þannig að tekið sé tillit til þess að þroskaþjálfar vinna almennt af sér nemendalausum dögum með lengri vinnutíma á starfstíma skóla. Eftir sem áður er vinnuskylda skilgreind 7,2 klst. utan starfstíma skóla vegna breytinga á vikulegum vinnutíma úr 40 klst. í 36 klst. virka vinnuviku, sbr. gr. 2.1.1 í kjarasamningi aðila.

Þroskaþjálfar í grunnskólum eru skráðir í viðverukerfinu Vinnustund á sérstakt vinnufyrirkomulag sem tekur mið af því að þeir vinna af sér vinnuskyldu á nemendalausum dögum með auknum vinnustundum á öðrum tímabilum skólaársins. Nú þegar samið hefur verið um 36 stunda vinnuviku er árlegur vinnutími í 100% starfi 1577 stundir. Þroskaþjálfar eru að vinna af sér meðaltali 24 daga sem lengir viðveru á starfstíma skólans.

Til dæmis getur þroskaþjálfari unnið af sér 7 daga milli jóla og nýárs, 3 daga í dymbilviku, 5 daga í vetrarfrí og 9 daga í ágúst fyrir skólasetningu. Þroskaþjálfari í 100 % starfshlutfalli vinnur 8,08 klst. á dag (40,4 klst. vinnuviku).

Þjálfun nemanda er 17,33 klst. á viku og undirbúningurinn 12,67 klst. á viku sem er samtals 30 klst. á viku. Þar sem vinnuvikan er 40,4 á viku, gefur það 10,4 klst. til að sinna öðrum faglegum störfum o.fl.

Til stendur að endurskoða vinnutíma þroskaþjálfar í grunnskólum til samræmis við þær breytingar sem kunna að verða á vinnutímaskilgreiningum kennara, eftir því sem við getur átt, samkvæmt kjarasamningum kennarafélaganna í yfirstandandi virðismatsvegferð félaganna og opinberra launagreiðenda samkvæmt innanhússtillögu ríkissáttasemjara þar um.

Þá er mikilvægt að árétta að með nýlegum breytingum á kjarasamningum varðandi vinnutíma í dagvinnu er vinnuvika í fullu starfi nú 36 virkar vinnustundir. Starfsfólki er heimilt að neyta matar og drykkja við vinnu sína þegar því verður viðkomið starfsins vegna en hefur ekki forræði yfir þeim tíma. Þetta þýðir ekki að starfsmenn fái ekki að taka sér stutt hlé til að ná sér í kaffibolla eða borða hádegismat en ekki er um formlegt hlé í skilningi kjarasamnings að ræða.

Minum einnig á mikilvægi þess að skrá inn alla vinnu í viðverukerfi, hvort sem um er að ræða vinnutíma sem skilað er innan starfsstaðarins eða utan eins og t.d. fjarvinna sem er unnin með heimild stjórnanda.

Vinnutími þroskaþjálfar í grunnskóla/sérdeild/sérskóla

	Dagur	Vika	Staða
Þjálfun nemanda	3,5	17,33	Óbreytt
Undirbúningur	2,5	12,67	Óbreytt
Samráð	1,2		
Bundin viðvera.	1,4		
Undirbún. utan.	7,2 klst. x 8		Óbreytt
Samtals	8,08 klst.	40,4 klst.	